



26. apríl 2022

Sameiginleg yfirlýsing um stefnumarkandi viðræður Bandaríkjanna og Íslands

Eftirfarandi texti er sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórna Bandaríkjanna Norður-Ameríku og Íslands í kjölfar stefnumarkandi viðræðna í Reykjavík, Íslandi, í dag:

Sem nánir bandamenn innan Atlantshafsbandalagsins hafa Bandaríkin og Ísland rætt margvísleg málefni er snerta öryggis- og varnarmál hvors ríkis fyrir sig og öryggi- og varnir á Norður-Atlantshafi í árlegum stefnumarkandi viðræðum sem fóru fram 26. apríl. Ríkin tvö áréttu fordæmingu sína á tilefnislausu og óréttlætanagerlegu árásarstríði Rússlands og ítreka einarðan stuðning sinn við Úkraínu. Bandalagsríkin ræddu jafnramt samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og tvíhliða varnar- og öryggissamstarf. Einnig ræddu þau áframhaldandi samvinnu um málefni eins og að tryggja í sessi alþjóðakerfið sem byggist á alþjóðalögum, áhrif Kína í Evrópu, norðurslóðir, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, netöryggi og mannréttindi um allan heim. Tvíhliða varnarsamningur milli Bandaríkjanna og Íslands frá árinu 1951 heldur áfram að stuðla að öryggi lýðræðisríkja okkar beggja.

Fulltrúar Bandaríkjanna voru frá utanríkisráðuneyti, varnarmálaráðuneyti (skrifstofu varnarmálaráðherra, herforingjaráðsins og Evrópudeild Bandaríkjahers), bandaríska strandgæslunni, bandaríska heimavarnarráðuneytinu og sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík. Fulltrúar Íslands voru frá utanríkisráðuneytinu, forsætisráðuneytinu, Landhelgisgæslu Íslands og sendiráði Íslands í Washington.